

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2009, föstudaginn 5. júní kl. 12:00 var haldinn 109. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Nesjavöllum.

Þessi sátu fundinn: Guðlaugur G. Sverrisson, Kjartan Magnússon, Dofri Hermannsson, Sigrún Elsa Smáradóttir og Gunnar Sigurðsson.

Ennfremur sat forstjóri fundinn.

Fundarritari var Eiríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram tillaga forstjóra, dags. 14. maí sl., um styrkveitingar til samfélagsverkefna árið 2009.

Tillögunni fylgir greinargerð með sundurliðun verkefna.

Samþykkt.

Sigrún Elsa Smáradóttir og Dofri Hermannsson sitja hjá.

2. Lagt fram erindi forstjóra dags. 11. maí s.l. í tilefni erindis utanríkisráðuneytisins dags. 18. mars sl. vegna EXPO 2010 í Shanghai.

Stjórn samþykkir að verða við erindi utanríkisráðuneytisins og að gert verði ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun OR 2010.

Tillagan samþykkt.

Dofri Hermannsson og Gunnar Sigurðsson sitja hjá.

3. Lagt fram erindi borgarstjórnar í Reykjavík dags. 20. maí sl. með tillögu Ólafs F. Magnússonar í borgarstjórn Reykjavíkur 19. maí, sem var vísað m.a. til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

4. Önnur mál.

- Sigrún Elsa Smáradóttir óskar bókað:

„Í kjölfar blaðaumfjöllunar er óskað eftir að lagt verði fram minnisblað í stjórn OR um stöðu Gagnaveitu Reykjavíkur og aðdraganda þess að ráðist var í þá skýrslugerð sem þar um ræðir.

Eru uppi áform um sölu á Gagnaveitu Reykjavíkur?

Jafnframt er lagt til að tilnefningar í stjórn Gagnaveitu Reykjavíkur endurspegli samsetningu stjórnar OR.“

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:55.

Guðlaugur G. Sverrisson,
Dofri Hermannsson, Gunnar Sigurðsson, Kjartan Magnússon, Sigrún Elsa Smáradóttir.